



Niðurstöður lesfimiþrófa

Niðurstöður lesfimiþrófa sem lögð voru fyrir í september eru nú aðgengilegar á mentor.

Í prófunum var mældur lestrarhraði hjá nemendum í 2.-10. bekk.

Nemendur í 1. bekk sitja hjá í septemberfyrirlögninni en taka þátt í hinum fyrirlögnum skólaársins sem eru í janúar og maí.

Foreldrum/forráðamönnum ber að tilkynna veikindi eða forföll á skrifstofu skólans sem allra fyrst að morgni með símtali, veikindaskráningu í gegnum mentor.is eða í tölvupósti til ritara fyrir kl. 8:05. Athugið að einungis á að nýta forfallaskráningarmöguleikann á mentor.is ef um veikindi er að ræða.

Ef veikindi eða forföll vara lengur en einn dag skal tilkynna þau daglega.

Beiðni um leyfi nemenda skal berast frá foreldrum eða forráðamönnum. Umsjónarkennarar afgreiða beiðni um leyfi í 1 eða 2 daga, en skólustjórnendur beiðni um lengra leyfi sem verður þá að vera skriflegt á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á skrifstofum eða heimasíðu skólans.

Kæra skólasamfélag

Þá er október genginn í garð og búið að lýsa yfir neyðarstigi Almannavarna vegna covid 19. Samkvæmt yfirlýsingu frá stjórnarráðinu mun starfsemi grunnskóla vera „með sama sniði og verið hefur og skólastarf óskert. Stjórnendur leikskóla og grunnskóla munu þó skoða núverandi skipulag með tilliti til hvort gera megi enn betur í sóttvörnum.“

- Við í skólanum bregðumst við þessu með því að leggja áfram mikla áherslu á sóttvarnir innan skólans, við erum með ýmsar aðgerðir til að hólfa niður og takmarka samgang starfsmanna, sem vinna nú í smærri hópum sem ekki hittast.
- Grímunotkun hefur verið tekin upp við ákveðnar aðstæður.
- Við þurfum enn að biðja foreldra að koma ekki inn í skólann, við bjóðum upp á fjarfundi og símtöl ef fólk vill.
- Þá þurfum við að hafa afar lágan þröskuld fyrir veikindaeinkennum bæði starfsmanna og nemenda. Það þýðir auðvitað að stundum erum við að senda heim börn og starfsmenn sem reynast svo lítið sem ekkert veik en við verðum að fara að öllu með gát. Vonandi sýna því allir skilning.
- Aukin smit í þjóðfélaginu þýða líka að æ fleiri fara í sóttkví, bæði nemendur og starfsfólk. Þetta getur þýtt að við náum ekki að manna kennslu eða önnur störf að öllu leiti.
- Við erum heppin, enn sem komið er vitum við ekki um nein smit hjá starfsmönnum eða nemendum skólans, en komi sú staða upp verður að sjálfsgöðu látið vita af því.

Að venju eru nokkrir kennslulausir dagar í október, þ.e. starfsdagur og vetrarleyfi. Starfsdagurinn 9. október verður sem endranær nýttur til fræðslu og samráðs starfsmanna en þetta er líka annar af tveimur starfsdögum Hörðuheima á skólaárinu og því lokað þar þennan dag. Vetrarleyfi er síðan 26. og 27.

Opin vika er á skóladagatalinu vikuna 19.-23. Þá áttu að vera nemenda/foreldarasamtöl fyrir þá sem þess óskuðu. Í ljósi þess að ekki var hægt að hafa hefðbundin skólaboðunardag í haust þá ætlum við að hafa samtöl við alla nemendur og foreldra þeirra. Boðað verður til viðtalanna í næstu viku en þau fara fram á fjarfundum. Hefðbundin kennsla er þessa viku og fara viðtölin fram frá 14:00-17:00 og dreifast á þessa fimm daga.

Eins og þið hafið orðið vör við hefur verið ansi votviðrasamt undanfarið, haustlægðirnar ganga yfir hver af annarri. Við reynum að hafa útivist í frímínútum ef mögulega hægt er vegna veðurs. Það er börnunum nauðsynlegt að komast aðeins út og hreyfa sig. Ég vil því minna á mikilvægi þess að börnin séu klædd miðað með tilliti til veðurs og ekki er verra að hafa auka fatnað í töskunum, sérstaklega hjá yngstu börnunum.

Þrátt fyrir allt gengur skólastarfið ótrúlega vel fyrir sig og það er upplífandi að fylgjast með gróskumiklu starfi kennara og nemenda á öllum stigum skólans. Allir leggja sig fram um að láta daglegt skólastarf ganga eins vel og hægt er.

Bestu kveðjur úr skólanum
Þórunn Jónasdóttir skólustjóri

Leiðarvísir varðandi heimakennslu/fjarkennslu

Meðan skólastarf er ekki skert er ekki fjarkennsla nema nemandi fari í sóttkví.

- Þetta á við um nemendur sem fara í viku eða lengur í sóttkví ekki ef er verið að bíða eftir niðurstöðu úr skimun í 1-3 daga.
- Nemendur sem fara í sóttkví af því þeir eru að koma erlendis frá eru skráðir í leyfi þar til þeir mæta og falla ekki undir þessa þjónustu, foreldrar þeirra hafa valið þær aðstæður. Þó börn fædd 2005 og síðar fari ekki í skimun á landamærum þá eiga þau að vera heima þar til foreldrar hafa farið í seinni skimun og fengið niðurstöður hennar.
- Veikindi falla ekki undir þetta þó reglur séu strangari varðandi það að senda nemendur heim með flensulík einkenni.
- Þetta á einungis við ef einstaka nemendur fara í sóttkví, ekki heill bekkur þá verður gripið til annarra ráðstafana.

Leiðarvísir ef nemandi er í sóttkví

Mikilvæg er að tilkynna um sóttkví nemanda til skólans og umsjónarkennara.

- Umsjónarkennari hefur samband heim á fyrsta virka degi, heyrir í foreldrum og/eða nemanda eftir aldri hans
- Umsjónarkennari boðar til funda gegnum google, sendir link á foreldra/nemanda og fundar með foreldrum og nemanda ef um yngra barn er að ræða, með nemanda ef viðkomandi er í 6.-10. bekk, gert er ráð fyrir 4 u.þ.b. 10 mínútna fundum meðan á 14 daga sóttkví stendur.
- Umsjónarkennari upplýsir aðra kennara og kemur boðum á milli ef á þarf að halda
- Mikilvægt er að fylgjast vel með verkefnum og verkefnaskilum á google classroom og Mentor.

Hvenær er nauðsynlegt að nemendur í grunnskóla fari í sóttkví?

Úr upplýsingum frá stjórnarráði, nánar hér: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/spurt-og-svarad-skolastarf-og-covid-19/#gunnskolar>

Nemendur þurfa að fara í sóttkví, samkvæmt leiðbeiningum heilbrigðisstarfsfólks eða smitrakningarteymis ef þeir hafa verið í tengslum við aðra óháð aldri þeirra sem greindir hafa verið með smit eða grun um smit.

Börn, einstaklingar fæddir árið 2005 eða síðar, eru almennt undanþegin sóttkví og skimun vegna ferðalaga. En þau þurfa í sóttkví ef:

A) þau hafa ekki aldur eða þroska til þess að halda fjarlægð frá öðru heimilisfólki sem er í sóttkví. Þá þarf barnið að fara í sóttkví með öðru heimilisfólki.

B) þau hafa ferðast með fullorðunum sem bíða niðurstöðu úr skimun á landamærum. Þetta á einnig við um eldri börn sem geta haldið fjarlægð frá öðru heimilisfólki. Bíða þarf niðurstöðu skimunar hjá ferðafélögum/heimilisfólki áður en viðkomandi má mæta aftur í skólann. Á það einnig við um seinni skimun. Séu skimanir ferðafélaga/heimilisfólks neikvæðar má barnið mæta í skólann.

Veikindi og sóttkví nemenda / starfsfólks

Frá stjórnarráði:

Hvaða viðmið eru í gildi vegna heilsufars nemenda/starfsfólks s.s. vegna flensueinkenna?

Grunnskólanemendur og starfsfólk grunnskóla eiga ekki að mæta í skólann ef þau:

- Eru í sóttkví, einangrun eða að bíða niðurstöðu sýnatöku
- Hafa verið í einangrun vegna Covid 19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift
- Eru með flensueinkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverki, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang ofl- ofl.). Miðað er við að skólabörn og starfsfólk skuli vera hitalaus heima amk einn sólarhring áður en þau snúa aftur í skólann ef veikindi stafa af öðru en Covid 19.
- Mikilvægt er að foreldrar skólabarna og starfsfólk í grunnskólum hugi áfram vel að sóttvörnum og smithættu. **nánar hér:** <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/spurt-og-svarad-skolastarf-og-covid-19/#gunnskolar>



Leiðarljós í starfi grunnskóla á hættustigi vegna COVID-19



Umhyggja – Þrautseigja – Sveigjanleiki

- Réttur allra barna til menntunar
- Öryggi og velferð nemenda, kennara og starfsfólks
- Samfélagslegt mikilvægi grunnskóla og hlutverk í sóttvörnum

Í góðum sóttvörnum í skólastarfi felst:

- Reglulegur handþvottur, notkun á handspritti og gott aðgengi að hreinlætisaðstöðu.
- Að halda líkamlegri nánd og snertingu í lágmarki.
- Að sótthreinsa sameiginlega snertifleti og fylgja viðmiðum um þrif.
- Að halda **minnst 1 metra fjarlægð** og virða reglur um hámarksfjölda.
- Við aðstæður þar sem starfsfólk getur ekki haldið 1 metra fjarlægð er mælt til notkunar hlífðargrímu sem hylur munn og nef. **ATH:** Grímur koma ekki í staðinn fyrir nándarregluna, hana á ávallt að virða fyrst. **Huga þarf að réttri notkun grímanna.**
- Að fylgjast náið með þróun mála og fara eftir leiðbeiningum landlæknis og sóttvarnar- yfirvalda.

Hvað á að vera til staðar?

- Merkingar og skýrar upplýsingar um sóttvarnir og reglur skólans.
- Góð hreinlætisaðstaða og handspritt fyrir alla.
- Hanskar og grímur fyrir starfsfólk sem ekki geta virt nándarreglu.
- Viðbragðsáætlun vegna smits eða gruns um smit.
- Samstaða um [Samfélagsáttmálann](#).

Við erum öll almannavarnir

- Verndum viðkvæma hópa, s.s. nemendur og starfsfólk með undirliggjandi sjúkdöma.
- Veitum skýrar og markvissar upplýsingar til allra í skólasamfélaginu.
- Sýnum skölning og styðjum hvort annað.

Upplýsingar um útfærslur og viðmið á vörðu birtar á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins: mrr.is/skolastarf
Upplýsingasiða almannavarna og embættis landlæknis er covid.is

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Nokkrir starfsmenn eru í sóttkví eftir að hafa verið í samskiptum við einstaklinga sem reynst hafa smitaðir. Eins eru alltaf einhverjir starfsmenn heima að bíða eftir niðurstöðum úr skimunum. En viðmiðið okkar er að sýni fólk flensulíkeinkenni þá á það að vera heima, óska eftir skimun og mæta ekki fyrr en niðurstaða liggur fyrir um neikvæða niðurstöðu.

Varðandi veikindi barna þá er rétt að hafa í huga að hafi nemandi farið í skimun og fengið neikvætt út úr henni þá má hann vera í skólanum næstu daga 2-3 daga á eftir þrátt fyrir væg einkenni svo sem smá kvef. Sé um lengri tíma að ræða þarf að endurskoða það. Best er þó að nemendur séu heima þrátt fyrir væg einkenni.

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
4.	5. Þorskur í KFC hjúp m/ soðnum kartöflum og sósu. Grænmeti og ávextir.	6. Ítalskt lasagna m/ grófu brauði. Grænmeti og ávextir	7. Hrísgrjónagrautur m/ kanilsykri, rúsínum, lifrapylsu og blóðmör. Ávextir	8. Gufusoðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Grænmeti og ávextir	9. SKIPULAGSDAGUR FRÍSTUND LOKUÐ	10.
11.	12. Ýsa í raspi m/soðnum kartöflum og kok- teilsósu/ tómatsósu. Grænmeti og ávextir	13. Grænmetisbuff m/ brúnum hrísgrjónum og paprikusósu. Grænmeti og ávextir	14. Píta m/hakki, grænmeti og pítusósu. Ávextir.	15. Fiskibollur m/brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabar- barasultu. Grænmeti og ávextir.	16. Kjúklingaborgari m/brauði, grænmeti og kartöflu- bátum. Ávextir	17.
18.	19. Laxabollur m/cous cous og hvítlaukssósu. Grænmeti og ávextir <i>Opin vika—viðtöl</i>	20. Sænskar hakkbollur m/kartöflumús, brúnni sósu og týtu- berjasultu. Grænmeti og ávextir <i>Opin vika—viðtöl</i>	21. Skyr m/rjómblandi og ostaslaufa. Ávextir <i>Opin vika—viðtöl</i>	22. Ýsa í orlý m/brúnum hrísgrjónum og súrsætri sósu. Grænmeti og ávextir <i>Opin vika—viðtöl</i>	23. Grísnitsel í korn- flexraspi (file) m/kaldri bernaisesósu og soðnum kartöflum. Grænmeti og ávextir <i>Opin vika—viðtöl</i>	24.
25.	26. HAUSTLEYFI FRÍSTUND LOKUÐ	27. HAUSTLEYFI FRÍSTUND LOKUÐ	28. Kínverskar núðlur m/ kjúklingi, eggjum og grænmeti. Ávextir	29. Heimalagaður plökkfiskur m/ rúgbrauði. Grænmeti og ávextir	30. Úrbeinuð kjúklingalæri í kolakryddi m/brúnum hrísgrjónum. Grænmeti og ávextir	31.

Hnetulaus skóli!!!

Matseðillinn er birtur með fyrirvara um breytingar

Breytingar á mataráskrift

Við minnum á að ef um er að ræða breytingar á matar-áskrift nemenda þá þurfa tilkynningar um það að hafa borist í íbúagátt Kópavogs fyrir 20. hvers mánaðar. Breytingar taka svo gildi um næstu mánaðarmót þar á eftir.

9. október— starfsdagur, bæði skóli og frístund lokuð
26.-27. október—vetararleyfi, bæði skóli og frístund lokuð